



E 10/2017

Fyrirspyrjandi Flokkahópur jafnaðarmanna
Til Ríkisstjórna Norðurlandanna

Til Ríkisstjórna Norðurlandanna

**Skrifleg fyrirspurn
um ekkert umburðarlyndi gagnvart kynþáttafordómum og hatursorðræðu í
leikskólum og skólum**

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um að öll börn séu jafn mikils virði, njóti sömu réttinda og að engum beri að mismuna.

Þegar hægrisinnaðir lýðskrumarar vinna á, líka á Norðurlöndum, sér þess merki á margan hátt. Opinber umræða harðnar og smátt og smátt hækkar mönnum rómur um leið og hatursorðræða festist meir og meir í sessi. Við sjáum þetta í sjónvarpi, við lesum um það í blöðum og fyrst og fremst á samfélagsmiðlum eins og Facebook og Twitter.

Umræðan fer mest fram meðal fullorðinna, en ekki má gleyma að börn og ungmenni hlusta og skilja, oft meira en margur heldur. Heima við eldhúsbordið eru heimsmálin rædd og stundum er dreift goðsögnum, alhæfingum og hreinni lygi. Barn býr ekki að sömu vitneskju og fullorðinn einstaklingur og hefur ekki sömu getu til gagnrýnnar hugsunar um heimildir og því standa börn mjög höllum fæti í slíkum aðstæðum.

Hér gegna leikskólar og skólar mikilvægu hlutverki. Ekki með því að taka afstöðu í málum, en með því að benda á staðreyndir, varpa ljósi á mismunandi hliðar mála og kenna börnum á ólíkan hátt um inntak barnasáttmála SP. Þar fyrir utan ættu börn að læra snemma að vera gagnrýnin á heimildir til að geta tekið afstöðu til þess mikla magns upplýsinga sem daglega dynur á þeim.

Leiðin að settu marki er að starfsfólk fái endurmenntun og leiðsögn. Að gildismat sé innleitt, það lifi og því sé fylgt. Í gegnum leik, menningu, íþróttir og upplýsingar (til foreldra) skal jafnræði allra einstaklinga vera sem rauður þráður í öllu starfi.

Þetta snýst líka um ekkert umburðarlyndi gagnvart kynþáttafordómum og hatursorðræðu og að bregðast beint við með snemmtækri íhlutun.

Ríkisstjórnir Norðurlandanna eru beðnar um að svara eftirfarandi:

- Hvað er gert á Norðurlöndunum til að fylgja



- barnasáttmálanum á þessu sviði?
- Hvaða vinnuaðferðir hafa skilað mestu?
 - Geta Norðurlöndin átt samstarf á þessu sviði til að mynda viðnámsprótt gegn hatursorðræðu?

Stokkhólmi, 3. apríl 2017

Annette Lind (S)
Emilia Töyrä (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Sonidsson (S)
Henrik Dam Kristensen (S)
Irene Johansen (A)
Jorodd Asphjell (A)
Karen J. Klint (S)
Kjell-Idar Juvik (A)
Lars Mejern Larsson (S)

Lennart Axelsson (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Oddný Harðardóttir (A)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Ruth Mari Grung (A)
Sonja Mandt (A)
Suzanne Svensson (S)
Tony Wikström (ÅSD)